

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir öflun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðþátta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15t (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/94/EB):

„15u. **32002 L 0098**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir öflun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðþátta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB (Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB):

„- **32002 L 0098**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 (Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/98/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

YFIRLÝSING EFTA-RÍKJANNA

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/98/EB FRÁ 27. JANÚAR 2003 UM SETNINGU GÆÐA- OG ÖRYGGISSTAÐLA FYRIR ÖFLUN, PRÓFUN, VINNSLU, GEYMSLU OG DREIFINGU BLÓÐS OG BLÓÐÞÁTTA ÚR MÖNNUM OG UM BREYTINGU Á TILSKIPUN 2001/83/EB

(er eykur nýjum lið 15u í XIII. kafla (Lyf) II. viðauka við EES-samninginn)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir öflun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðþátta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, er byggist á 152. gr. EB-sáttmálans sem bættist við með Amsterdam-sáttmálanum, er mikilvægur þáttur Evrópulöggjafar á sviði heilsugæslu og er í samræmi við stefnu EFTA-ríkjanna í heilbrigðismálum.

Þessi yfirlýsing er með fyrirvara um ákvæði 118. gr. EES-samningsins.